



Atvinnuþróunarfélag
Þingeyinga hf.



BYGGÐASTOFNUN



EYÞING
SAMBAÐ SVEITARFÉLAGA
Í EYJAFIRÐI OG ÞINGEYJARSTYSLUM



NORDURÞING

RAUFARHÖFN OG FRAMTÍÐIN

Framtíðarsýn og markmið



Brothættar byggðir



Atvinnuþróunarfélag
Þingeyinga hf.



BYGGÐASTOFNUN



EYÞING
SAMBAND SVEITARFÉLAGA
Í EYJAFIRÐI OG ÞINGEYJARSKYSLUM



NORDURÞING



Efnisyfirlit

Inngangur.....	4
Verkefnisstjórn.....	5
Framtíðarsýn og meginmarkmið	6
Meginmarkmið 1: Sérstæður áfangastaður.....	7
Meginmarkmið 2: Traustir grunnatvinnuvegir.....	9
Meginmarkmið 3: Blómstrandi menntun	10
Meginmarkmið 4: Öflugir innviðir	11
Viðauki A: Samantekt SVÓT-greiningar og forgangsörðun á íbúðingum	12

Inngangur

Í þessari samantekt verður gerð grein fyrir markmiðum og framtíðarsýn í verkefninu *Raufarhöfn og framtíðin (ROF)* sem tilheyrir röð verkefna á landsvísu undir stjórn Byggðastofnunar með heitinu *Brothættar byggðir*. Í upphafi verkefnis var haldið íbúáþing þar sem íbúar voru kallaðir saman í tveggja daga vinnubúðir og var því stýrt af Sigurborgu Kr. Hannesdóttir hjá ráðgjafafyrirtækinu Ildi. Í framhaldi vann verkefnisstjórn stöðugreiningu á svæðinu þar sem tekið var tillit til íbúapróunar, atvinnupátta og -þróunar og sérstöðu landshlutans. Niðurstöður íbúáþings, fyrirnefnd stöðugreining og aðrar skýrslur sem lágu fyrir um svæðið voru notaðar til að móta framtíðarsýn og markmið. Framtíðarsýn og markmið voru borin undir íbúa til samþykktar á íbúafundi sem haldinn var vorið 2015. Samantekt SVÓT-greiningar og forgangsroðun málefna á íbúáþingi má sjá í viðauka A.

Frekari upplýsingar um verkefnið *Brothættar byggðir* er hægt að finna á vef [Byggðastofnunar](#).

Hugtakanotkun og orðskýringar:

- Brothættar byggðir:** Verkefnið *Brothættar byggðir* sem verkfæri/verklag á landsvísu.
„Brothætt byggð“: Verkefni *Brothættra byggða* í einstökum þátttökubbyggðarlögum fá sérstök heiti. Hugtakið „brothætt byggð“ er hér notað um verkefnið í einstökum byggðarlögum.
- Byggðarlag/byggð:** Orðið byggðarlag eða byggð er hér notað um samfélag sem markast af landfræðilegum og menningarlegum aðstæðum, fremur en sveitarfélagamörkum.
- Framtíðarsýn:** Mynd sem lýsir framtíðarstöðu við lok stefnumótunartímabils í brothættri byggð.
- Meginmarkmið:** Þrjú til fjögur markmið sem styðja framtíðarsýn og skilgreina framtíðarstöðu í þeim áherslupáttum sem hafa verið valdir og mótaðir innan verkefnisins *Brothættar byggðir*.
- Starfsmarkmið:** Markmið sem styður tiltekið meginmarkmið og á grundvelli þess má útfæra með mælanlegum hætti hvernig tiltekinn ábyrgðaraðili þess mun beita sér og innan hvaða tímaramma.
- Stefnumótun:** Að móta skýra sýn á það hvert á að stefna með þátttöku byggðarlags í verkefni um brothætta byggð. Það felur meðal annars í sér að móta framtíðarsýn, meginmarkmið, starfsmarkmið og tillögur um aðgerðir.
- Stöðugreining:** Yfirlit og greining helstu þátta er auðkenna stöðu byggðarlags og framtíðarhorfur. Dæmi eru þróun í fjölda og aldursdreifingu íbúa, þróun í atvinnulífi, menningarlífi, svo og umfjöllun um helstu áætlanir og ytri

áhrifabætti sem varða framtíð viðkomandi byggðarlags.

Verkefnisstjórn

Í verkefnisstjórn hvers verkefnis undir hatti *Brothættra byggða* sitja fulltrúar viðkomandi sveitarfélags, landshlutasamtaka, atvinnuþróunarfélags, Byggðastofnunar og íbúa. Mismunandi er eftir verkefnum hvaða stofnun hýsir starf verkefnisstjóra og í verkefninu *Raufarhöfn og framtíðin* er staðan vistuð hjá Atvinnuþróunarfélagi Þingeyinga.

Í verkefnisstjórn Raufarhafnar og framtíðarinnar sitja eftirfarandi aðilar:

- Birna Björnsdóttir, fulltrúi íbúa
- Júlíus Helgason, fulltrúi íbúa
- Kristján Þór Magnússon, sveitarstjóri Norðurþings
- Kristján Þórhallur Halldórsson, verkefnisstjóri Brothættra byggða hjá Byggðastofnun
- Pétur Þór Jónasson, framkvæmdastjóri Eyþings
- Reinhard Reynisson, framkvæmdastjóri Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga
- Sigríður K. Þorgrímsdóttir, verkefnisstjóri Brothættra byggða hjá Byggðastofnun

Framtíðarsýn og meginmarkmið

Framtíðarsýn

Raufarhöfn er þorp sem er byggt á tveimur megin atvinnugreinum, sjávarútvegi og ferðaþjónustu. Sérstaða þess verði jafnframt nýtt til þess að laða að frekari fjölbreytni í atvinnustarfsemi sem höfðar til yngra fólks með fjölþætta menntun og bakgrunn. Þorpinu er vel viðhaldið, húsnaði í góðu ásigkomulagi og grunnmenntun og þjónusta í boði.



Mynd 1- Markmið og framtíðarsýn er að mestu byggt á niðurstöðum íbúðapings en tekur jafnframt mið af greiningu á stöðu byggðarlagsins.

Meginmarkmið

- Sérstæður áfangastaður
- Traustir grunnatvinnuvegir
- Blómstrandi menntun
- Öflugir innviðir

Meginmarkmið 1: Sérstæður áfangastaður

Starfsmarkmið:

- 1.1 Að 90% íbúðahúsa í þorpinu sé viðhaldið. Höfuðatriði að ásýndin sé góð vegna starfsemi í ferðaþjónustu og anda í þorpinu. Fyrir lok árs 2017. Ábyrgð: Íbúasamtök í samráði við ?????
- 1.2 Deiliskipulag SR svæðisins. Ábyrgð: Verkefnisstjóri ROF. Í lok árs 2016
- 1.3 Að unnið verði frekar úr niðurstöðum vinnuhóps varðandi SR svæðið og að minnsta kosti tvær byggingar verði komnar í notkun fyrir lok árs 2017. Ábyrgð: Atvinnurekendur og verkefnisstjóri ROF
- 1.4 Festa í sessi og auka starfsemi Rannsóknastöðvarinnar Rifs í hálfstarf fyrir lok árs 2017. Ábyrgð: Stjórn Rannsóknastöðvarinnar Rifs ses.
- 1.5 Skiltavæðing- Að uppfæra skilti í bænum með upplýsingum um söguna, örnefni og fleira. Fyrir lok sumars 2017. Ábyrgð: Verkefnisstjóri ROF og íbúar.
- 1.6 Að það séu móttökuskilti við leiðir inn í bæinn og að stikaðar séu gönguleiðir á Sléttunni. Skilti á staðnum og ein gönguleið verði stikuð fyrir vor 2017. Ábyrgð: Ferðafélagið Norðurslóð, Norðurhjari og verkefnisstjóri (ROF) ásamt íbúasamtökunum varðandi þorpið sjálft.
- 1.7 Kortleggja eldri hús á svæðinu og gildi þeirra sem standa ennþá. Skoða Álaborg og skilti á húsum þar. Ábyrgð: Verkefnisstjóri ROF í samvinnu við Norðurþing. Þegar hafið og verður komið vel á veg með Heildarsýnarverkefninu. Lok vors 2016.
- 1.8 Að koma upp amk. einu mannvirki/aðstöðu til náttúruskoðunar á Austur-Sléttu fyrir árslok 2017 (Birding-Iceland). Ábyrgð: Fuglastígur í samstarfi við Rif og verkefnisstjóra ROF.
- 1.9 Að skapa tvö störf í greinum sem nýta sérstöðu svæðisins og geta höfðað til yngra fólks með fjölþætta menntun og bakgrunn. Fyrir árslok 2017. Ábyrgð: Verkefnisstjórn/verkefnisstjóri ROF.
- 1.10 Að gera félagsstarf og listsköpun eldri borgara sýnilegt ferðafólki fyrir árslok 2016. Ábyrgð: MP í samstarfi við FER, Norðurþing og verkefnisstjórn ROF.
- 1.11 Að gera höfnina aðgengilega fyrir ferðamenn fyrir árslok 2016. Ábyrgð: Atvinnurekendur við höfnina í samráði við verkefnisstjóra ROF (GPG, HH, félag smábátasjómannna og Norðurþing)
- 1.12 Að skapa skýra sýn á það hvernig nota á heimskauntsbauginn sem aðdráttarafl og vettvang fyrir upplifun ferðamanna. Fyrir árslok 2016. Ábyrgð: Norðurhjari í samstarfi við verkefnisstjóra ROF.



Mynd 2- Drekin. Helgi Ólafsson smíðaði listaverk á höfnina



Atvinnuþróunarfélag
Þingeyinga hf.



BYGGÐASTOFNUN



EYÞING
SAMBAÐ SVEITARFÉLAGA
Í EYJAFIRÐI OG ÞINGEYJARSLUM



NORDURÞING

Meginmarkmið 2: Traustir grunnatvinnuvegir

Starfsmarkmið:

- 2.1 Tryggja byggðakvóta eftir árið 2017. Hér sé nægur kvóti til að styðja við 30-50 heilsársstörf.
Ábyrgð: Verkefnastjóri ROF í samstarfi við Byggðastofnun og fiskvinnslufyrirtæki á staðnum.
- 2.2 Að hér séu starfandi þrjú eða fleiri gistiheimili/hótel í lok 2017. Ábyrgð: Rekstraraðilar hótels og gistiheimila í samstarfi við verkefnisstjóra ROF.
- 2.3 Á Raufarhöfn séu tvö fyrirtæki starfandi í afþreyingu tengdri ferðaþjónustu fyrir árslok 2017. Ábyrgð: Frumkvöðlar í samstarfi við verkefnisstjóra ROF.
- 2.4 Að laða að ferðamenn á svæðið. Vegatengingar eru mjög mikilvægar í því. Ábyrgð: Verkefnisstjóri ROF í samvinnu við Norðurþing um að ýta á stjórnvöld.
- 2.5 Í gangi verði tvö eða fleiri nýsköpunar-/þróunarverkefni tengd atvinnulífi staðarins fyrir lok árs 2017.
Ábyrgð: Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga í samráði við atvinnulíf, Verkefnisstjórn ROF og stoðkerfi.



Mynd 3- Rannsóknastöðin Rif var sett á laggirnar 2014

Meginmarkmið 3: Blómstrandi menntun

Starfsmarkmið:

- 3.1 Að hér sé starfræktur leik- og grunnskóli. Möguleiki í að fá Rannsóknarstöðina Rif inn í húsið. Fjarbúnaður sem þeim fylgir og það eflir notkun á húsinu. Ábyrgð: Norðurþing. Sífelld markmið.
- 3.2 Að koma á fót símenntun sem gerir fólki kleift að sækja einingagild námskeið á framhaldsskólastigi. Fyrir lok 2017 Ábyrgð: Verkefnastjóri og Þekkingarnet Þingeyinga
- 3.3 Bjóða upp á starfsnámskeið tengd svæðinu s.s. leiðsögunám, iðnnám. Hausti 2016 Ábyrgð: Þekkingarnet Þingeyinga.
- 3.4 Tómtundanámskeið sé að minnsta kosti fjórum sinnum á ári. Ábyrgð: Íbúasamtökin í samstarfi við Þekkingarnet Þingeyinga. Sífelld markmið.



Mynd 4- Talsvert er um að verið sé að gera upp hús á Raufarhöfn og verið er að skoða mögulega nýtingu blokkarinnar

Meginmarkmið 4: Öflugir innviðir

Starfsmarkmið:

- 4.1 Komið sé á háhraða netsamband skv. áætlun ríkisstjórnar fyrir lok árs 2016. Ábyrgð: Ríkið, verkefnisstjórn fylgi málinu eftir við ríkið.
- 4.2 Treysta þjónustumiðstöð í Ráðhúsinu á Raufarhöfn í sessi fyrir árslok 2015. Ábyrgð: Norðurþing, í samstarfi við Landsbankann, Íslandspóst og verkefnisstjóra.
- 4.3 Vera búin að stofna einhvers konar leigufélag eða samtök til að aðstoða við að koma húsnæði í leigu. Fjölga íbúðum á leigumarkaði. Tryggja leiguhúsnæði á markaði.
- 4.4 Tryggja áframhaldandi starfsemi í óskertri heilbrigðisþjónustu til næstu 5 ára. Lokið í um mitt ár 2016. Ábyrgð. Verkefnisstjórn í samstarfi við HN, Lyfju og Norðurþing.


Raufarhöfn og framtíðin - Brothættar byggðir




Silja Jóhannesdóttir, verkefnisstjóri Raufarhafnar og framtíðar
12.09.2016

Viðauki A: Samantekt SVÓT-greiningar og forgangsröðun á íbúáþingi

Samantekt SVÓT-greiningar (*S: styrkleikar, V: veikleikar, Ó: ógnanir og T: tækifæri*)



Forgangsröðun málefna í niðurstöðum íbúáþings



Heimild: Ildi, Raufarhöfn og framtíðin, íbúáþing 26. – 27. janúar 2013, helstu skilaboð